

Ed.

616. Nefndarálit

um frumvarp til laga um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er all-ítarlegt og fyrirtækið nokkurn veginn vel undirbúið, enda er það stórfelt og kostnaðarmikið og því nauðsynlegt mjög, að rækilega sje athugað frá öllum hliðum.

Naumast verður því neitað, að tvísýnt nokkuð sje um það, hvort árangurinn af áveitunni verði eins glæsilegur og margir virðast gera sjer vonir um, en meiri líkur virðast þó vera til þess, að fyrirtæki þetta geti orðið arðvænlegt, þótt kostnaðurinn verði mikill og hljóti að leggjast nokkuð þungt á jarðeigendur í byrjun. Mikil bót er það í máli, að telja má vatnið í Hvítá ágætt til áveitu, þótt ekki sje það kunnugt, að frjóefnamagn þess hafi verið sjerstaklega rannsakað. Eru því miklar líkur til þess, að það geti gert kraftaverk og framleitt stórvaxinn og kraftmikinn jurtagróður, þar sem það verður látið flæða yfir; einungis að nægilega mikið sje af vatninu fyrir hendi undir öllum kringumstæðum og áveitunni vel fyrirkomið að öllu leyti. Treysta verður því, að mælingar allar, stærð skurða og fyrirkomulag, sem og kostnaðaráætlun, sje á viti bygt og vel um vandað, þar sem fleiri efnilegir verkfræðingar hafa þar lagt hönd að verki.

Hvað veðrjett landssjóðs i jörðunum á áveitusvæðinu áhrærir, þá getur nefndin ekki sjeð, að þar sje oflangt farið. Að eins finst nefndinni ástæða til að athuga það atriði, að ef til þess kæmi, að jarðeigendur vildu eða þyrftu að láta land af hendi til landssjóðs upp í áveitukostnaðinn, að það yrði þá svo stórt, að trygging sje fyrir því, að landssjóði sje það rentubær eign.

Að öllu þessu yfirveguðu hefir nefndin orðið sammála um það, að ráða náttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 19. gr.

Á eftir orðunum »að einhverju eða öllu leyti« í síðari málsgrein komi:
er sje svo stórt og þannig lagað, að á því megi reisa nýbýli, og skal,
o. s. frv.

Alþingi 23. ágúst 1917.

Hjörtur Snorrason, Guðm. Ólafsson. Guðjón Guðlaugsson.
form.

Fjárveitinganefnd Ed. hefir athugað fjárhagshlið frv. þessa og telur frá því sjónarmiði fyrirtækið ekki ofvaxið landssjóði.

Alþingi, 23. ágúst 1917.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari.